

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn 5. nóvember 2019 á Hótel Klaustri, Kirkjubæjarklaustri, kl. 10:00.

Fundur nr. 166

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson formaður (D), Jón Hrafn Karlsson (D), Anna Magdalena Buda (D), Fanney Ásgeirs dóttir (Z) og Lilja Magnúsdóttir (Z).

Arndís J. Harðardóttir (Z) boðaði forföll.

Jón Hrafn Karlsson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Kl. 10.00 – Heilsuleikskólinn Kæribær.

Mætt er Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri og Bjarni Bjarnason, áheyrnarfulltrúi foreldra.

1. Fjárhagsáætlun 2020.

Gera þarf ráð fyrir endurskoðun á ráðningasamningi við leikskólastjóra vegna vinnuálags. Að öðru leiti gerir fræðslunefnd ekki athugasemd við fjárhagsáætlun leikskólans fyrir árið 2020.

2. Breyting á skóladagatali.

Breytingar á skóladagatali felast í færslu á 2 skipulagsdögum. Skipulagsdagur 14. febrúar færist á 6. apríl og skipulagsdagur 22. maí færist á 7. apríl og til viðbótar bætist skipulagsdagur þann 8. apríl. Færslunefnd samþykkir breytinguna fyrir sitt leiti.

3. Öryggismál nemenda.

Leikskólastjóri lýsir yfir áhyggjum af því að ekki eru komin gler í innihurðar í leikskólanum, fræðslunefnd tekur undir þær áhyggjur og hvetur sveitarstjóra til að sjá til þess að úr þessu verði bætt.

4. Önnur mál.

Leikskólastjóri kynnir verkefni og áætlanir sem hún vinnur að.

CHB

PA.

JM

JMK
JMK

Kl. 11.00 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Mættur er skólastjóri tónlistarskóla, Zbigniew Zuchowicz.

1. Fjárhagsáætlun 2020.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir árið 2020.

2. Húsæðismál.

Farið er yfir fyrirhugaðan flutning tónlistarskólans. Fræðslunefnd leggur áherslu á að samráð sé haft við skólastjóra tónlistarskóla þegar kemur að framtíðarhúsnæði tónlistarskólans.

3. Öryggismál nemenda.

Öryggismál rædd.

4. Önnur mál.

Veturinn 2019-2020 stunda 22 nám við tónlistarskólan, hlutfall nemenda í fullu námi fjölgar frá fyrri árum.

Kl. 11:30 – Fræðslunefnd.

Sveitarstjóri mætir til fundar.

1. Fjárhagsáætlun 2020.

Fræðslunefnd óskar eftir að sett verði fjármagn í að undirbúa innleiðingu heilsueflandi skóla, til að fræðslunefnd geti kynnt sér starfssemi slíkra skóla og hugsanlegum kostnaði við kynningu.

2. Bréf frá Lindu Agnarsdóttur o.fl. , dags. 25. október 2019 – Formleg kvörtun til fræðslunefndar Skaftárhrepps.

Bréfið lagt fram fyrir fræðslunefnd. Kvörtunin er nú til stjórnsýslulegrar meðferðar og úrlausnar hjá sveitarstjóra, sem fer með starfsmannamál stjórnenda stofnana f.h. sveitarfélagsins.

3. Bókun Z-lista á fundi sveitarstjórnar 31. október 2019 (15. liður undir málefnum til umfjöllunar/afgreiðslu).

Í bókun Z-listans er athugasemd gerð við að fræðslunefnd hafi ekki fundað síðan 29.ágúst.

Fulltrúar D-lista vilja koma því á framfæri, að skv. erindisbréfi fræðslunefndar skal fræðslunefnd funda a.m.k. sex sinnum ár ári. Þessi fundur er sá sjötti á árinu og sá sjöundi er fyrirhugaður fyrir árslok. Fræðslunefnd er því að sinna skyldu sinni og því sem henni er ætlað til fundarhalda. Jafnframt vilja fulltrúar D-listans benda á, að fulltrúum í fræðslunefnd er hvenær sem er heimilt að biðja um fund í nefndinni.

CHB

FA

JMK

LM

Enginn fulltrúi hefur beðið um fund og engin haft samband við formann fræðslunefndar vegna málsins.

4. Önnur mál.

Sveitarstjóri yfirgefur fundinn.

Kl. 13:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Mættar eru Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri, Inga Lóa Hannesdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara og Auður Guðbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra.

1. Fjárhagsáætlun 2020.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun Kirkjubæjarskóla fyrir árið 2020.

2. Skólanámskrá.

Skólanámskrá er í vinnslu og verður kynnt á næsta fundi fræðslunefndar.

3. Starfsáætlun.

Starfsáætlun er í vinnslu og verður kynnt á næsta fundi fræðslunefndar.

4. Öryggismál nemenda.


Aðgengi að skólabyggingunni hefur verið breytt, aðalinnangur skólans er nú milli sundlaugar og skóla. Umhverfi skólans var rætt með tilliti til umferðar vélknúinna ökutækja á og við skólalóð. Umferðhraði þykir of mikill á Klausturvegi og bent er á þörfina á vegriði fyrir ofan sparkvöllinn. Götulýsingu þarf að bæta. Skorað er á sveitarstjórn að auka öryggi skólalóðar.

5. Önnur mál.


Opið hús verður í Kirkjubæjarskóla föstudagin 8. nóvember milli kl 10 og 12 í tengslum við uppskeru- og þakkarhátíð í Skaftárhreppi.

AMB
PJA
JMK
LM
CPW

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:09




Þorsteinn M. Kristinsson




Jón Hrafn Karlsson



Anna Magdalena Buda



Fanney Ásgeirsdóttir



Lilja Magnúsdóttir